

Fundur í skólanefnd
Fundur 160
1. október 2013 kl. 16:15-17:15

Mættir: Dóra, Herdís, Erna, Gunnar Á., Helena, Halldór, Lilja, Hanna og Reynir

Forföll: Þorkell, Trausti

Fundarstjóri: Erna

Fundarritari: Herdís

Dagskrá fundarins

1. Helstu viðburðir á fyrri hluta haustannar

Dóra kynnti helstu viðburði á haustönn 2013. Meðal annars var fjallað um eftirtalin atriði:

- nýnemaviku og skemmtiferð nemenda 2.-6. september
- kaup á ýmsum búnaði, s.s. tölvubúnaði, hjólagrindum o.fl.
- fyrirlestur Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar og starfsmanna Veðurstofu Íslands í september
- fund með foreldrum nýnema 17. september
- lífshlaupið sem byrjar 3. október
- forvarnardaginn sem haldinn verður 9. október

2. Námskrárvinna

Herdís kynnti námskrárvinnuna sem stendur yfir í skólanum. Stýrihópur í námskrárvinnu vinnur um þessar mundir að brautarlýsingu framhaldsbrautar sem ætluð er nemendum sem ekki hentar hefðbundið bóknaám. Vinnan gengur samkvæmt áætlun.

Stefnt er að því að allir kennarar hafi skrifað fjórar áfangalýsingar í lok haustannar. Flestir eru búnir að skila einni áfangalýsingu til verkefnastjóra.

3. Rekstur og fundur með ráðneytisfólki

Dóra kynnti rekstur skólans en hann er á áætlun. Enn eru svolitlir peningar eftir á eignakaupalið og er til skoðunar að verja þeim til húsgagnakaupa á nemendagang og til kaupa á nýrri kaffivél á kennarastofu.

Dóra sagði frá fundum á vegum Skólameistarafélags Íslands (SMÍ) og Félagi íslenskra framhaldsskóla (FÍF) 30. september sl. Dóra og Herdís sóttu fundina. Menntamálaráðherra hélt erindi á FÍF-fundinum um styttingu náms í framhaldsskólum.

Dóra sagði jafnframt frá því að fyrirhugaður væri fundur í Menntamálaráðuneyti 3. október nk. þar sem farið yrði yfir fjárlagafrumvarp næsta árs.

4. Önnur mál

Dóra tilkynnti að hún yrði í leyfi frá 4.-15. október nk.

Erna las upp úr bréfi frá Arnbjörgu Sigurðardóttur formanni skólanefndar Menntaskólans á Akureyri þar sem áhyggjum var lýst af ítrekuðum lækkunum á launastiku reiknilíkans framhaldsskólanna þrátt fyrir umsamdar kjarasamningsbundnar hækkanir á launum kennara og óskað eftir stuðningi skólanefnda á Norðurlandi til að hvetja yfirvöld til að bæta kjör framhaldsskólakennara.

Fleira var ekki rætt,
fundi slitið.